

Selfossi, 3. apríl 2003

## **102. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn miðvikudaginn 2. apríl 2003, kl. 9:00 að Austurvegi 56, Selfossi.**

**Mættir:** Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Ólafur Áki Ragnarsson ( í símasambandi), Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, umhverfisfulltrúi.

### **Dagskrá:**

- 1. Hönnun á frágangi og útliti urðunarsvæðisins í Kirkjuferjuháleigu.**  
Staða mála sbr. minnisblað dags. 24. mars 2003.  
Samþykkt að hraða vinnu við verkefnið.
- 2. Fundir með fulltrúum sorpsamlaga og sveitarstjórna á Suðurlandi um hugsanlega sameiningu fyrirtækja sbr. minnisblöð.**  
Minnisblöð frá fundunum lögð fram. Stjórnin hefur ráðið Fannar Jónasson, viðskiptafræðing til ráðgjafar í þessu verkefni og hefur falið honum að vinna tillögur að næstu skrefum í málinu.  
Stjórnin áformar að kynna málið á aðalfundi Sorpstöðvarinnar 23. apríl nk.
- 3. Bréf frá Sorpu, dags. 25. mars 2003, varðandi könnun á auknu samstarfi sorpsamlaga á Suður- og Suðvesturlandi.**  
Bréfið lagt fram til kynningar.
- 4. Erindi frá Plastmótun, Ölfusi, dags. 31. mars 2003, með ósk um að Sorpstöðin kaupi hlut í fyrirtækinu.**  
Stjórnin samþykkir að afla sér frekari upplýsinga og ráðgjafar í málinu áður en afstaða er tekin til erindisins.
- 5. Undirbúningur aðalfundar 23. apríl nk.**  
Samþykkt að auk venjulegra aðalfundarstarfa verði sérstaklega fjallað um ný lög á sviði umhverfismála og hugsanlega sameiningu sorpsamlaga á Suðurlandi.
- 6. Ný lög um meðhöndlun úrgangs og lög um úrvinnslugjald.**  
Lögð fram til kynningar.

**7. Önnur mál.**

- a. Samþykkt að efna til kynnisferðar til Danmerkur dagana 31. maí – 4. júní nk. til að kynnast fyrirkomulagi sorphirðu, eyðingar sorps, endurvinnslu og fráveitumála. Tílefni ferðarinnar eru þær breytingar sem eru framundan í þessum málaflokki á næstu misserum.
- b. Guðmundur Tryggvi kynnti hugmyndir að eflingu söfnunar á dagblaðapappír. Um er að ræða stóra pappírspoka sem dreift verður í verslanir. Samþykkt að hrinda verkefninu af stað.
- c. Rætt um fyrirkomulag innsöfnunar á dekkjum og samsettum umbúðum.

Næsti fundur ákveðinn 8. apríl, kl. 9:00.

Fundi slitið kl. 11:00

Einar Njálsson  
Ágúst Ingi Ólafsson  
Þorvarður Hjaltason  
Guðmundur Tr. Ólafsson